



**Samandreginn árshlutareikningur samstæðu**

**1. janúar til 31. mars 2021**

**Síminn hf.  
Ármúla 25  
108 Reykjavík  
Kt. 460207-0880**

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra.....	2-3
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu.....	4
Efnahagsreikningur.....	5
Eiginfjárfirlit.....	6
Sjóðstreymisyfirlit.....	7
Skýringar.....	8 - 13
Ársfjórðungsyfirlit.....	14

## Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

---

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Símans hf. og dótturfélaga hans. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Hagnaður var af rekstri félagsins sem nam 2.884 m.kr. samanborið við hagnað að fjárhæð 764 m.kr. á sama tímabili 2020. Hagnaður af reglulegri starfsemi nam 744 m.kr. samanborið við hagnað að fjárhæð 762 m.kr. á sama tímabili 2020. Heildartekjur félagsins á tímabilinu 1. janúar til 31. mars voru 6.408 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 6.309 m.kr. á sama tímabili árið 2020. Eignir félagsins námu 65.968 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé nam 39.434 m.kr. og var eiginfjárhlutfallið 59,8%.

Í desember undirrituðu Síminn hf. og Crayon Group AS skuldbindandi samning um sölu Símans hf. á dótturfélaginu Sensa ehf. til Crayon. Uppgjör viðskiptanna átti sér stað í lok tímabilsins og er kaupverðið að fullu greitt í apríl. Söluverð félagsins er 3.726 m.kr. og nam söluhagnaður 2.073 m.kr. Sjá nánar í skýringu 13.

Áhrif COVID-19 heimsfaraldursins á rekstur, efnahag og sjóðstreymi félagsins á tímabilinu eru lítil. Eftirspurn eftir kjarnavörum félagsins hefur haldist sterk hingað til og aukning vanskila er lítil. Horfa þarf til þess að ef samdráttar mun gæta til lengri tíma í efnahagslífinu er óljóst hver áhrifin verða.

Endurfjármögnun langtímalána félagsins lauk þann 6. apríl. Þann 23. mars undirritaði Síminn lánasamning við Arion banka að fjárhæð 6 ma.kr., 2 ma.kr. í lánalínu og 8 ma.kr. í brúarlánsfjármögnun. Þann 24. mars voru langtímalán félagsins að fjárhæð 15,4 ma.kr. endurfjármögnuð með ofantöldum lánum. Þann 29. mars undirritaði Míla lánasamning við Íslandsbanka að fjárhæð 20 ma.kr. auk 1 ma.kr. lánalínu. Lánið var greitt til Mílu 6. apríl og í kjölfarið endurfjármagnaði Míla skuldir sínar við Símann að fjárhæð 16 ma.kr. Þann sama dag voru brúarlán og lánalína Símans við Arion banka greidd upp.

Á aðalfundi Símans hf. þann 12. mars 2020 var samþykkt tillaga stjórnar félagsins um heimild til kaupa á eigin bréfum félagsins að hámarki 875 m.kr. að nafnverði. Í samræmi við ofangreinda heimild aðalfundar voru keypt á 1. ársfjórðungi eigin bréf að nafnverði 84 m.kr. fyrir 749 m.kr. að markaðsverði. Alls voru framkvæmd endurkaup fyrir 2.500 m.kr. að markaðsverði byggð á heimild aðalfundar 2020.

Á aðalfundi Símans hf. þann 11. mars 2021 var samþykkt tillaga stjórnar um lækkun á hlutafé félagsins. Lækkun vegna eigin hluta nam 316 m.kr. að nafnverði, hlutafé lækkaði því úr 8.750 m.kr. í 8.434 m.kr. Að auki var samþykkt tillaga stjórnar um lækkun á hlutafé með greiðslu til hluthafa að fjárhæð 8.000 m.kr. Nafnverðslækkun hlutafjár nam 894 m.kr. Hlutafé eftir lækkanir nemur 7.540 m.kr. Lækkun hlutafjár var framkvæmd í apríl. Á sama fundi var samþykkt tillaga um heimild til kaupa á eigin bréfum félagsins að hámarki 754 m.kr. að nafnverði og tillaga um arð að fjárhæð 500 m.kr. til hluthafa sem félagið greiddi í apríl. Að öðru leyti vísast til árshlutareiknings um breytingar á eigin fé félagsins.

### Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2021, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. mars 2021 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2021. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

---

Stjórn og forstjóri Símanns hf. hafa í dag fjallað um árs hlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2021 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. apríl 2021

## Stjórn

Jón Sigurðsson, formaður

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, varaformaður

Arnar Þór Másson

Bjarni Þorvarðarson

Björk Viðarsdóttir

## Forstjóri

Orri Hauksson

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

## 1. janúar til 31. mars 2021

	Skýr.	2021 1.1.-31.3.	2020* 1.1.-31.3.
Sala .....	5	6.299	6.177
Kostnaðarverð sölu .....	6	( 3.215)	( 2.964)
<b>Framlegð .....</b>		<b>3.084</b>	<b>3.213</b>
Aðrar rekstrartekjur .....		109	132
Rekstrarkostnaður .....	7	( 2.071)	( 2.154)
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>		<b>1.122</b>	<b>1.191</b>
Fjármunatekjur .....		59	46
Fjármagnsgjöld .....		( 202)	( 254)
Gengismunur .....		( 44)	( 25)
Hrein fjármagnsgjöld .....	8	( 187)	( 233)
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		935	958
Reiknaðir skattar .....		( 191)	( 196)
<b>Hagnaður og heildarhagnaður af áframhaldandi starfsemi tímabilsins .....</b>		<b>744</b>	<b>762</b>
Aflögð starfsemi .....	13	2.140	2
<b>Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins .....</b>		<b>2.884</b>	<b>764</b>
EBITDA .....	4	2.540	2.638
<b>Hagnaður á hlut</b>			
Grunnhagnaður á hlut .....		0,34	0,09
Þynntur hagnaður á hlut .....		0,34	0,09

\*Fjárhæðum vegna 2020 hefur verið breytt, sjá skýringu 13  
Skýringar á blaðsíðum 8 - 13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

## Efnahagsreikningur 31. mars 2021

	Skýr.	31.3.2021	31.12.2020
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Rekstrarfjármunir .....		19.067	18.991
Leigugeignir .....		5.179	5.378
Óefnislegar eignir .....		32.122	32.544
Aðrar eignir .....	9	520	544
		<u>56.888</u>	<u>57.457</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....	10	1.399	1.127
Viðskiptakröfur .....	11	2.166	3.147
Aðrar skammtímakröfur .....	12	4.818	834
Handbært fé .....		697	735
Eignir flokkaðar til sölu .....	13	0	1.906
		<u>9.080</u>	<u>7.749</u>
		<b>Eignir samtals</b>	<b>65.968</b>
		<u><u>65.968</u></u>	<u><u>65.206</u></u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		8.399	8.483
Yfirverðsreikningur .....		12.376	13.041
Annað eigið fé .....		154	154
Annað bundið eigið fé .....		1.060	674
Óráðstafað eigið fé .....		17.445	14.946
		<u>39.434</u>	<u>37.298</u>
		<b>Eigið fé</b>	<b>39.434</b>
		<u><u>39.434</u></u>	<u><u>37.298</u></u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Langtímaskuldir</b>			
Skuldabréfalán .....		6.010	14.289
Leiguskuldbindingar .....		4.880	5.066
Tekjuskattskuldbinding .....	14	558	670
		<u>11.448</u>	<u>20.025</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....		10.000	500
Viðskiptaskuldir .....		2.000	2.554
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....		0	1.150
Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga .....		476	513
Skattar til greiðslu .....		932	850
Aðrar skammtímaskuldir .....	15	1.678	1.540
Skuldir sem tengjast eignum sem flokkaðar eru til sölu .....	13	0	776
		<u>15.086</u>	<u>7.883</u>
		<b>Skammtímaskuldir</b>	<b>15.086</b>
		<u><u>15.086</u></u>	<u><u>7.883</u></u>
		<b>Skuldir samtals</b>	<b>26.534</b>
		<u><u>26.534</u></u>	<u><u>27.908</u></u>
		<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>65.968</b>
		<u><u>65.968</u></u>	<u><u>65.206</u></u>

Skýringar á blaðsíðum 8 - 13 eru óaðskiljanlegur hluti af árs hlutareikningnum.

## Eiginfjárfirlit 31. mars 2021

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Annað eigið fé	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2020 .....	8.750	14.525	154	456	12.747	36.632
Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins .....					764	764
Þýðingarmunur .....				1		1
Eigið fé 31.3.2020 .....	8.750	14.525	154	457	13.511	37.397
Eigið fé 1.1.2021 .....	8.483	13.041	154	674	14.946	37.298
Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins .....					2.884	2.884
Þýðingarmunur .....				1		1
Keypt eigin bréf .....	( 84)	( 665)				( 749)
Fært á bundið eigið fé .....				385	( 385)	0
Eigið fé 31.3.2021 .....	8.399	12.376	154	1.060	17.445	39.434

Skýringar á blaðsíðum 8 - 13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

## Sjóðstreymisýfirlit 1. janúar til 31. mars 2021

	Skýr.	2021 1.1.-31.3.	2020* 1.1.-31.3.
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður samkvæmt rekstrarreikningi .....		1.122	1.191
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....		1.418	1.447
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna .....		( 1)	0
		<u>2.539</u>	<u>2.638</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, (hækkun) lækkun .....	(	304)	9
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, lækkun .....		934	185
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun .....	(	159)	548
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>471</u>	<u>742</u>
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>3.010</u>	<u>3.380</u>
Innborgaðir vextir .....		58	44
Greiddir vextir .....	(	273)	( 254)
Greiddir skattar .....	(	221)	( 125)
Handbært fé frá rekstri		<u>2.574</u>	<u>3.045</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	(	863)	( 1.098)
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	(	424)	( 694)
Söluverð rekstrarfjármuna .....		2	1
Skuldabréfaeign, breyting .....	(	90)	( 60)
Áhrif af niðurlagðri starfsemi .....		71	277
Sala á eignarhlutum í dótturfélögum, að frádrögnum handbæru fé .....	(	505)	0
Fjárfestingarhreyfingar	(	<u>1.809)</u>	<u>( 1.574)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Kaup eigin bréfa .....	(	749)	0
Tekin ný langtímalán .....		6.000	0
Afborganir langtímalána .....	(	15.429)	( 192)
Afborganir leiguskuldbindinga .....	(	118)	( 138)
Skammtímalán, breyting .....		<u>9.500</u>	<u>( 200)</u>
Fjármögnunarhreyfingar	(	<u>796)</u>	<u>( 530)</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé .....	(	31)	941
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé .....	(	7)	6
Handbært fé í byrjun tímabilsins .....		735	217
Handbært fé í lok tímabilsins .....		<u>697</u>	<u>1.164</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar án greiðsluáhrifa</b>			
Sala á Sensa ehf. ....	13	3.726	0
Sala á Sensa ehf., krafa á kaupanda .....	12	( 3.726)	0

\*Fjárhæðum vegna 2020 hefur verið breytt, sjá skýringu 13  
Skýringar á blaðsíðum 8 - 13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.



## 1. Starfsemi

Síminn hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Höfuðstöðvar félagsins eru að Ármúla 25 í Reykjavík. Samstæðuárshlutareikningur fyrir tímabilið janúar til mars 2021 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess sem vísað er til í heild sem „félagsins“ og til einstakra félaga sem „dótturfélaga“.

Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskipta og afþreyingar.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Símans hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2020. Valdar skýringar eru með árshlutareikningnum til að skýra og upplýsa um rekstur félagsins á tímabilinu og breytingar á fjárhagslegri stöðu frá síðasta ársreikningi.

Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, [www.siminn.is](http://www.siminn.is) og á vef Kauphallar Íslands: [www.nasdaqomxnordic.com](http://www.nasdaqomxnordic.com).

Stjórn og forstjóri félagsins samþykktu árshlutareikninginn og heimiluðu birtingu hans á stjórnarfundum þann 27. apríl 2021.

### Grundvöllur matsaðferða

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

### Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

### Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

## 3. Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2020.

## 4. Starfsþáttayfirlit

Yfirlit um starfsþætti veitir upplýsingar um einstaka þætti í rekstri félagsins og er sett fram með sama hætti og regluleg skýrslugjöf til stjórnar félagsins.

Starfsemi félagsins skiptist í sex starfsþætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfsþættirnir voru sjö áður en með sölu á Sensa fellur út starfsþáttur sem snéri að upplýsingatækni. Starfsþættirnir eru:

Starfsþáttur	Lýsing
Farsímaþjónusta: .....	Farsímaþjónusta innanlands og erlendis, hvort sem heldur er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattaþjónusta eða önnur farsímaþjónusta.
Talsímaþjónusta: .....	Talsímaþjónusta fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Gagnaflutningur: .....	Gagnaflutningsþjónusta, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, stofnnet, heimitaugar og aðgangsnét.
Sjónvarpsþjónusta: .....	Dreifing á sjónvarpsefni, áskrift, notkun og auglýsingar á miðlum félagsins.
Vörusala búnaðar: .....	Sala á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.
Annað: .....	Útseld þjónusta tengd fjarskiptum og upplýsingatækni.

Starfsþættir 1.1.-31.3. 2021	Farsíma- þjónusta	Talsíma- þjónusta	Gagna- flutningur	Sjónvarps- þjónusta	Vörusala búnaðar	Annað	Samtals
Rekstrartekjur .....	1.363	403	2.239	1.622	517	264	6.408
Óskipt rekstrargjöld .....							( 3.868)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) .....							2.540
Afskriftir .....							( 1.418)
Hrein fjármagnsgjöld .....							( 187)
Reiknaðir skattar .....							( 191)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi .....							744
Aflögð starfsemi .....							2.140
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>							<b>2.884</b>
<b>Fjárfestingar .....</b>							<b>( 1.285)</b>
<b>Óskiptar eignir 31.3.2021 .....</b>							<b>65.968</b>
<b>Óskiptar skuldir 31.3.2021 .....</b>							<b>26.534</b>
Starfsþættir 1.1.-31.3. 2020	Farsíma- þjónusta	Talsíma- þjónusta	Gagna- flutningur	Sjónvarps- þjónusta	Vörusala búnaðar	Annað	Samtals
Rekstrartekjur .....	1.386	445	2.180	1.583	419	296	6.309
Óskipt rekstrargjöld .....							( 3.671)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) .....							2.638
Afskriftir .....							( 1.447)
Hrein fjármagnsgjöld .....							( 233)
Reiknaðir skattar .....							( 196)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi .....							762
Aflögð starfsemi .....							2
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>							<b>764</b>
<b>Fjárfestingar .....</b>							<b>( 1.791)</b>
<b>Óskiptar eignir 31.3.2020 .....</b>							<b>65.716</b>
<b>Óskiptar skuldir 31.3.2020 .....</b>							<b>28.319</b>

## Skýringar

5. Sala	2021	2020
Seld þjónusta og vörur greinast þannig:	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
Sala á þjónustu .....	5.713	5.708
Vörusala .....	586	469
	<u>6.299</u>	<u>6.177</u>

Enginn einstakur viðskiptavinur er með meira en 10% af sölu félagsins.

## 6. Kostnaðarverð sölu

Kostnaðarverð sölu greinist þannig:

Laun og launatengd gjöld .....	574	570
Kostnaðarverð seldrar þjónustu .....	1.021	926
Samtengigjöld .....	162	175
Kostnaðarverð seldra vara .....	545	430
Eignfærð vinna .....	( 200)	( 251)
Afskriftir .....	<u>1.113</u>	<u>1.114</u>
	<u>3.215</u>	<u>2.964</u>

Kostnaðarverð seldrar þjónustu samanstendur af; efniskostnaði, þjónustusamningum, leyfisgjöldum, aðkeyptri þjónustu og fjarskiptakostnaði.

## 7. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:

Laun og launatengd gjöld .....	923	1.017
Markaðs- og sölukostnaður .....	123	121
Húsnæðis- og bifreiðakostnaður .....	174	168
Tölvu- og hugbúnaðarkostnaður .....	303	267
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	242	248
Afskriftir .....	<u>306</u>	<u>333</u>
	<u>2.071</u>	<u>2.154</u>

## 8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

### Fjármunatekjur

Vaxtatekjur af bankainnistæðum og kröfum .....	57	44
Fenginn arður .....	<u>2</u>	<u>2</u>
	59	46

### Fjármagnsgjöld

Vaxtagjöld .....	( 91)	( 181)
Vaxtagjöld vegna leiguskuldbindinga .....	( 62)	( 64)
Niðurfærsla lána .....	( 6)	0
Önnur fjármagnsgjöld .....	<u>( 43)</u>	<u>( 9)</u>
	( 202)	( 254)

Gengismunur .....	<u>( 44)</u>	<u>( 25)</u>
Hrein fjármagnsgjöld .....	<u>( 187)</u>	<u>( 233)</u>

	31.3.2021	31.12.2020
<b>9. Aðrar eignir</b>		
Aðrar eignir greinast þannig:		
Fjárfesting í öðrum félögum .....	47	54
Sjónvarpsefni til sýningar .....	135	209
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	10	12
Langtímakröfur .....	328	269
Aðrar eignir samtals .....	<u>520</u>	<u>544</u>

## 10. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

Vörur til endursölu og rekstrarvörubirgðir .....	939	698
Sjónvarpsefni til sýningar .....	460	429
Birgðir samtals .....	<u>1.399</u>	<u>1.127</u>

## 11. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:

Viðskiptakröfur .....	2.324	3.280
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	( 158)	( 133)
Viðskiptakröfur samtals .....	<u>2.166</u>	<u>3.147</u>

## 12. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	566	389
Aðrar skammtímakröfur .....	526	445
Ógreitt söluvirði Sensa ehf. ....	3.726	0
Aðrar skammtímakröfur samtals .....	<u>4.818</u>	<u>834</u>

## 13. Sala á dótturfélagi

Í desember undirrituðu Síminn hf. og Crayon Group AS skuldbindandi samning um sölu Símans hf. á dótturfélaginu Sensa ehf. til Crayon. Uppgjör viðskiptanna átti sér stað í lok tímabilsins og er kaupverðið að fullu greitt í apríl. Söluverð félagsins er 3.726 m.kr. Markmið með sölnunni er að útvíkka samstarf við Crayonsamstæðuna í heild og veita fyrirtækjum heilsteyptari þjónustu fjarskipta og upplýsingatækni samhliða því að lækka rekstrarkostnað félagsins. Sensa hefur fallið undir upplýsingatækni í starfsþáttasundurliðun.

Rekstur Sensa ehf. er nú tilgreindur í einni línu í rekstrarreikningi sem aflögð starfsemi. Samanburðartölum 2020 hefur verið breytt til samræmis.

## 13. Sala á dótturfélagi, frh.:

	2021	2020
Afkoma Sensa ehf. á tímabilinu ef eftirfarandi:	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
Tekjur .....	1.058	979
Sala innan samstæðu .....	( 46)	( 42)
Ytri tekjur .....	1.012	937
Gjöld .....	( 1.097)	( 1.139)
Gjöld innan samstæðu .....	169	204
Ytri gjöld .....	( 928)	( 935)
Hagnaður fyrir skatta .....	84	2
Skattar .....	( 17)	0
Söluhagnaður .....	2.073	0
Samtals áhrif af aflagðri starfsemi .....	2.140	2

Vegna sölnunnar voru eignir og skuldir Sensa ehf. flokkaðar sem eignir og skuldir til sölu í ársreikningi 2020.

Í árslok voru eignir og skuldir Sensa ehf. eftirfarandi:

31.12.2020

Viðskiptavild.....	1.072
Fastafjármunir.....	219
Birgðir.....	84
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur.....	508
Tekjuskattsinneign.....	23
Eignir flokkaðar til sölu.....	1.906
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir.....	776
Skuldir sem tengjast eignum flokkuðum til sölu.....	776

## 14. Tekjuskattsskuldbinding

Hreyfingar á reiknaðri tekjuskattsskuldbindingu greinast á eftirfarandi hátt:

31.3.2021 31.12.2020

Reiknuð tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun.....	670	802
Eignir til sölu.....	0	9
Tekjuskattur tímabilsins.....	185	693
Skattar til greiðslu á næsta ári.....	( 297)	( 829)
Leiðrétting frá fyrra ári.....	0	( 5)
Tekjuskattsskuldbinding samtals.....	558	670

## 15. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

Áfallinn kostnaður .....	790	737
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	228	313
Ógreiddur virðisaukaskattur .....	638	479
Aðrar skammtímaskuldir .....	22	11
Aðrar skammtímaskuldir samtals .....	1.678	1.540

### 16. Málarekstur

Félagið stendur í málarekstri vegna mála sem snúa að túlkunum á fjarskipta-, fjölmiðla- og samkeppnislögum.

Síminn og Sýn hafa átt í ágreiningi í tengslum við dreifingu á sjónvarpsefni. Póst- og fjarskiptastofnun komst að þeirri niðurstöðu að Síminn hefði farið gegn fjölmiðlalögum sbr. ákvörðun PFS nr. 10/2018. Lagði stofnunin á sekt að fjárhæð 9 m.kr. sem félagið hefur þegar greitt. Síminn telur að háttsemi félagsins sé í fullu samræmi við ákvæði fjölmiðlalaga og höfðaði mál til ógildingar ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar. Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í málinu og ógilti ákvörðun PFS að hluta og lækkaði sektina niður í 7 m.kr. Síminn áfrýjaði málinu til Landsréttar og gerir kröfu um ógildingu. Í kjölfarið á ákvörðun PFS sendi Sýn kröfu til Símans um greiðslu skaðabóta að fjárhæð 1,9 ma.kr. Síminn hafnaði kröfunni og benti á að það mætti hvorki ráða af erindi Sýnar að skilyrði skaðabótaskyldu væri fyrir hendi né heldur væri gerð tilraun til að færa sönnur á ætlað tjón Sýnar. Að mati Símans var um tilhæfulausa kröfu að ræða og vísaði Héraðsdómur Reykjavíkur kröfu Sýnar frá dómi vegna vanreifunar. Í framhaldinu lagði Sýn fram beiðni um dómkvaðningu matsmanna og stefndi Símanum fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð 125 m.kr. Síminn hafnaði málatilbúnaði Sýnar og skilaði greinargerð vegna málsins. Þá hefur Gagnaveita Reykjavíkur sent Símanum kröfu um greiðslu að fjárhæð 1,3 ma.kr. Síminn hafnaði kröfunni og benti á að það mætti ekki ráða af erindi Gagnaveitunnar að skilyrði skaðabótaskyldu væri fyrir hendi. Að mati Símans er um tilhæfulausa kröfu að ræða.

IHM hefur stefnt Símanum til greiðslu 337 m.kr. auk vaxta og dráttarvaxta vegna meintra vangoldinna gjalda frá árinu 2009. Síminn hafnar málatilbúnaði IHM og hefur skilað greinargerð.

Þrátt fyrir að óvissa sé um niðurstöður þessara mála er það mat stjórnenda að ekki komi til verulegra fjárútláta vegna þeirra. Félagið hefur ekki fært neinn kostnað í reikningsskil sín vegna mögulegra bóta í framangreindum málum enda mat félagsins að þau séu tilhæfulaus.

Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Síminn hefði brotið gegn ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2015 og 20/2015 og lagði á sekt að fjárhæð 500 m.kr. sem Síminn greiddi. Síminn kærði ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til áfrýjunarnefndar samkeppnismála og gerði kröfu um ógildingu ákvörðunarinnar. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála skilaði úrskurði í byrjun árs 2021 þar sem nefndin felldi úr gildi þann hluta ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins sem laut að meintu broti gegn 6/2015 og lækkaði sektina niður í 200 m.kr. Félagið er sem fyrr þeirrar skoðunar að fyrirkomulag um sölu á þjónustu félagsins sé fyllilega í samræmi við samkeppnislög og þær ákvarðanir sem félagið hefur gengist undir á grundvelli samkeppnislaga. Er félagið enn með til skoðunar að stefna málinu fyrir héraðsdómi.

### 17. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags sem höfðu áhrif á árs hlutareikninginn eða veita þarf upplýsingar um.

## Ársfjórðungsfirlit - óendurskoðað

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:\*

	1 F	2 F	3 F	4 F	1 F
	2020	2020	2020	2020	2021
Sala .....	7.120	7.169	7.119	7.988	7.138
Kostnaðarverð sölu .....	( 3.802)	( 4.118)	( 3.819)	( 4.753)	( 3.942)
<b>Framlegð .....</b>	<b>3.318</b>	<b>3.051</b>	<b>3.300</b>	<b>3.235</b>	<b>3.196</b>
Aðrar rekstrartekjur .....	126	107	106	204	147
Rekstrarkostnaður .....	( 2.214)	( 2.743)	( 1.997)	( 2.107)	( 2.135)
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>	<b>1.230</b>	<b>415</b>	<b>1.409</b>	<b>1.332</b>	<b>1.208</b>
Hrein fjármagnsgjöld .....	( 270)	( 178)	( 149)	( 105)	( 189)
Söluhagnaður dótturfélaga .....	0	0	0	0	2.073
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt .....</b>	<b>960</b>	<b>237</b>	<b>1.260</b>	<b>1.227</b>	<b>3.092</b>
Tekjuskattur .....	( 196)	( 154)	( 246)	( 172)	( 208)
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>	<b>764</b>	<b>83</b>	<b>1.014</b>	<b>1.055</b>	<b>2.884</b>
EBITDA .....	2.735	1.938	2.933	2.894	2.674

\* Rekstur Sensa er inni ársfjórðungstölum.